

Umhverfis- og skipulagssvið Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar
Haraldur Sigurðsson
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 9. nóvember 2023
UST202310-158/A.B.
10.04.02

Efni: Drög - Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 fyrir skotæfingarsvæði á Álfsnesi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 12. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 fyrir skotæfingarsvæði á Álfsnesi.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina íþróttasvæði (ÍÞ9) á Álfsnesi, alls um 33 ha að stærð og minnkar iðnaðarsvæði I2 um 13,5 ha og útivistarsvæðið OP28 minnkar um tæplega 20 ha. Auk þess kemur fram að markmið með breytingunni er að tryggja aðstöðu fyrir Skotfélag Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, meðan unnið er að því að finna framtíðarstað fyrir skotæfingar og íþróttamiðstöð skotíþróttá höfuðborgarsvæðinu. Að tryggja tímabundnar landnotkunarheimildir um íþróttastarfsemi (skotæfingarsvæði) á Álfsnesi. Að leita leiða til að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif frá skotæfingarsvæðunum, meðan þau eru staðsett á Álfsnesi.

Umhverfisstofnun tekur undir að umhverfisáhrif skotvalla er hávaði, sem getur haft áhrif á menn og dýr og mengun frá skothöglum sem getur borist í jarðveg og í vatn og geta haft áhrif á dýr. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þessir þættir séu metnir við umhverfismat við gerð breytingartillögunnar.

Stofnunin vill koma því á framfæri að skv. 5. gr. reglugerðar 1400/2020 um mengaðan jarðveg eru grundvallarskyldur rekstraraðila er að ganga vel um og sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun. Rekstraraðilar skulu tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og útgefið starfsleyfi eins og nánar er kveðið á um í XI. kafla laganna.

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósvatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaaetlun-2022-2027/>. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Pungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur